

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-5/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 13. janúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á gluggum af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að gluggarnir séu gallaðir og krefst riftunar á kaupunum.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt glugga af seljanda, þar á meðal stóran stofuglugga úr áli og timbri fyrir um 1.100.000 krónur. Stofuglugginn er með rennihurð sem er 6900 cm á lengd og 2580 cm á hæð. Álitsbeiðandi telur að stofuglugginn standist ekki „íslenska staðla hvað varðar vindálag“ og segir gluggann „dúa“ verulega af þeim sökum.

Hinn 16. apríl 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir upplýsingum og gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

**IV**  
**Álitsorð**

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson